

BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á hluthafafundi Vátryggingafélags Íslands hf. 27.6.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Fyrir hluthafafundinum liggur tillaga um lækkun hlutafjár um kr. 250.000.000 að nafnverði og að kr. 1.800.000.000 verði greiddar til hluthafa með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Tillagan tengist breyttri fjármagnsskipan félagsins. Sjóðurinn gerir ekki athugasemd við breytta fjármagnsskipan félagsins eða lækkun hlutafjár sem af þeirri breyttu skipan leiðir en gerir hins vegar athugasemd við að greiðsla fari fram með hlutabréfum í Kviku banka hf.
2. Það verður að teljast óvanalegt að ráðstafa hlutabréfum í eigu félags til hluthafa sinna. Hlutabréf í Kviku banka hf. eru skráð á First North og virðist vera takmörkuð velta með bréf félagsins á þeim markaði. Þetta felur í sér að ekki er víst að mikil viðskipti muni standa að baki verðviðmiði framlagðrar tillögu, sem er fimm daga meðalverð. Þá munu hluthafar VÍS mögulega eiga erfitt með að koma þessum hlutabréfum í verð, vegna lítillar veltu auk þess sem viðskiptakostnaður er hár ekki síst fyrir minni hluthafa. Að mati sjóðsins er virði þessara hlutabréfa meira í höndum VÍS og væri réttara að þeim yrði komið í verð af hálfu félagsins og andvirði sölunnar þá eftir atvikum dreift til hluthafa að öðru leyti í samræmi við framlagða tillögu.
3. Af framangreindum sökum mun Gildi-lífeyrissjóður greiða atkvæði gegn framlagðri tillögu.

Reykjavík, 27. júní 2018

Gildi-lífeyrissjóður